

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1562
komudagur 3.3.2011



Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 3. mars 2011
Tilv.: IRR11020250/0.13.2

Með tölvubréfi, dags. 10. febrúar sl., barst innanríkisráðuneytinu til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skipan starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðuneytið vekur athygli á því að með lögum nr. 86/2008 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 96/2002 um útlendinga, sem var ætlað að bæta réttarstöðu erlendra kvenna, sem eru eða kunna að verða fórnarlömb ofbeldis af hálfu maka. Er þar sérstaklega um að ræða ákvæði í 6. mgr. 13. gr. laganna, sem heimilar endurnýjun dvalarleyfis aðstandanda þrátt fyrir breyttar forsendur, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Að auki var lögfest ákvæði í 6. mgr. 6. gr. laganna sem heimilar synjun á vegabréfsáritun ef grunur leikur á að umsækjandi um vegabréfsáritun eða barn hans muni sæta misnotkun eða ofbeldi. Sambærilegt ákvæði var einnig lögfest í 4. mgr. 13. gr. um dvalarleyfi fyrir aðstandendur en samkvæmt ákvæðinu verður dvalarleyfi ekki veitt ef nánasti aðstandandi umsækjanda hefur á síðustu fimm árum hlotið dóm eða verið látinn sæta öryggisráðstöfunum fyrir brot á ákvæðum XXI.-XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, nema synjun um dvalarleyfi mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Ljóst er að lagaramminn hefur að þessu leyti verið styrktur til að bregðast við aðstæðum þar sem erlendar konur kunna að verða fórnarlömb ofbeldis af hálfu maka hér á landi þó að lítil reynsla sé komin á beitingu ákvæðanna.

Að öðru leyti lýsir ráðuneytið yfir jákvæðri afstöðu til þingsályktunartillögunnar og lýsir sig jafnframt reiðubúið til að taka þátt í starfshópnum.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Rósa Dögg Flosadóttir

